

SAMÞYKKT
um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er skipuð 11 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Hafnarfjarðarkaupstaður er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Hafnarfjarðarkaupstaður annast þau lögmæltu verkefni sem honum eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá innanríkisráðuneytinu.

Hafnarfjarðarkaupstaður vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Hafnarfjarðarkaupstað er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hans, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, annarra laga og samþykktar þessarar. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, ráð og aðrar nefndir og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta.

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta og tvo varaforseta. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Njóti forseti eða varaforsetar ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforsetar forfallast varanlega eða fá lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til innanríkisráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá réttkjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist, skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá réttkjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa fyrsta og annan varaforseta til að gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur fundi hálfsmánaðarlega á miðvikudögum sem hefjast að jafnaði kl. 14.00 í fundarsal Hafnarborgar, Strandgötu 34.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis í allt að tvo mánuði.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar. Fundarboð skal berast bæjarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda dagskrá ásamt fylgigögnum með rafrænum hætti í gegnum fundagátt bæjarins og skal þá miðað við sömu tímamörk og ef um boðsendingu væri að ræða.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta og varaforseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir ráða, nefnda og stjórnna á vegum sveitarfélagsins sem lagðar eru fram til kynningar.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verk svið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra og forseta skriflega, ásamt því að skila nauðsynlegum gögnum, fyrir kl. 11.00 á mánudegi fyrir reglulegan fundartíma bæjarstjórnar á miðvikudegi kl. 14.00.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar.

Fundir bæjarstjórnar eru opnir og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum laga um mannvirki og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

15. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

I. Meginreglur fundarskapa:

- a. *Fundarstjórn.* Forseti stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.
- b. *Vald forseta.* Skyld er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsalum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Forseti getur breytt röð þeirra sem taka til máls undir dagskrárliðnum „Fundargerðir til kynningar“ í samræmi við þann lið í fundargerð sem er til umræðu hverju sinni. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram undir hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.
- g. *Hve oft má tala og ræðutími.* Bæjarfulltrúi má tala tvisvar undir hverjum dagskrárlið í allt að 15 mínútur í fyrra skiptið og í allt að 10 mínútur í seinna skiptið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að tala í þriðja sinn til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd sem getur þá einnig tekið til fundarstjórnar forseta. Má þá þessi liður umræðunnar ekki taka lengri tíma en tvær mínútur. Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má tala þrisvar við hverja umræðu máls með sömu tímatakmarkunum og að ofan greinir og í allt að fimm mínútur í þriðja

skiptið.

Forseti getur leyft bæjarfulltrúum að veita stutt andsvör við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta.

Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og ekki lengri tíma en eina mínútu ef veitt er andsvar öðru sinni og er ræðumanni heimilt að svara andsvari með sömu

tímamörkum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftár en tvisvar sinnum hverju sinni. Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en 15 mínútur í einu.

Undir dagskrárliðnum „Fundargerðir til kynningar“ er heimilt að tala tvisvar í allt að fimm mínútur í hvort skiptið. Í því tilviki er bæjarfulltrúa heimilt að veita eitt andsvar við hverri slíkri ræðu og ræðumanni að svara því andsvari. Andsvör undir þessum dagskrárlið mega ekki taka lengri tíma en eina mínútu.

- h. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

- i. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

- j. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

- k. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall við kosningar í ráð, nefndir, stjórnir og starfshópa.

II. Meginreglur fundarritunar:

1. *Ritun fundargerðar.* Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið

númers fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða ráð og nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Fundargerð skal skráð í tölvu. Færa skal í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

Fundargerð skal birt og vera aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt fylgigögnum í samræmi við reglur Hafnarfjarðarkaupstaðar um birtingu gagna eins og þær eru á hverjum tíma.

Sjá nánar um fundarritun í auglýsingu nr. 22/2013 um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna.

16. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnarsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. gr.

Varamenn í bæjarstjórn.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem bæjarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnámálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar eftir kosningar.

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnámálaflokka sem standa að sameiginlegum lista og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnámálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnámálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

18. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Réttur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

20. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Beiðni um slíkt skal beint skriflega til skjalastjóra og/eða viðkomandi sviðsstjóra sveitarfélagsins. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur innan 5 daga frá móttöku beiðninnar. Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings hefur bæjarfulltrúi heimild til að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins en hefur ekki heimild til að taka af þeim afrit eða fara með þau af skrifstofu sveitarfélagsins.

Í þeim tilvikum þegar bæjarfulltrúi óskar eftir ákveðnum upplýsingum sem krefjast sérstakrar vinnu starfsmanna, svo sem úttektir eða útreikningar, ber bæjarfulltrúa að bera fram skriflega fyrirspurn í viðkomandi ráði eða snúa sér til bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra.

Að öðru leyti er vísað til gildandi verklagsreglna, samþykktra í bæjarstjórn þann 2. júní 2009, um aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

21. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Lausn frá störfum.

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingu gildir.

23. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi.

Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða. Þegar fyrirséð er að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

24. gr.

Þóknun o.fl.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

25. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

Ráð, nefndir og stjórnir.

26. gr.

Kosning í ráð, nefndir og stjórnir og kjörtímabil.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í ráð, nefndir og stjórnir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Ráð og nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

27. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í ráð, nefndir og stjórnir skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

28. gr.

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Um hlutverk og valdsvið ráða, nefnda og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

29. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir ráða, nefnda og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun ráðs, nefndar eða stjórna í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn.

30. gr.

Fundir ráða, nefnda og stjórna og ályktunarhæfi.

Fundir ráða, nefnda og stjórna skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Ráði, nefnd og stjórn er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Bæjarstjórn skal setja reglur um meðferð óska um opna fundi nefnda þar sem fram komi skilyrði opunar í samræmi við 46. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ráð, nefnd og stjórn getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur er heimilt að bjóða aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Um fundi ráða, nefnda og stjórna, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

31. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður ráðs, nefndar og stjórnar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnun sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Ráð, nefnd og stjórn getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

32. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í ráði, nefndum og stjórnun í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til ráðs, nefndar og stjórnar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í ráð, nefnd og stjórn bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna kosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

33. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á ráðs-, nefndar- og stjórnarfundi gilda ákvæði 23. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í ráði, nefnd eða stjórn fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í ráði, nefnd eða stjórn tekur varamaður hans sæti í ráðinu, nefndinni eða stjórninni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

34. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Ennfremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

35. gr.

Þóknun.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

36. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Fulltrúum í ráði, nefnd eða stjórn er skylt að sækja fundi.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó, eftir eðli máls, við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

37. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

38. gr.

Starfsnefndir.

Bæjarstjórn og ráð geta kosið starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn og ráð geta einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.

39. gr.

Ráð, nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtalin ráð, nefndir og stjórnir:

A. Til eins árs.

Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.
2. *Fjölskylduráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Fræðsluráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Umhverfis- og framkvæmdaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Skipulags- og byggingarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
6. *Hafnarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og grein 2 í hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn.
7. *Bláfjallanefnd/Skiðasvæði höfuðborgarsvæðisins.* Einn maður samkvæmt auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 97/1973 Einn til vara samkvæmt samþykkt stjórnar SSH 7. október 2013.
8. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Menningar- og ferðamálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.

10. *Stjórn Hafnarborgar*. Tveir menn kosnir í stjórn Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar samkvæmt gjafabréfi frá 1. júlí 1983. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn í stjórnina.
11. *Stjórn Reykjanesfólksvangs*. Einn maður samkvæmt auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi nr. 520/1975 520/1975.
12. *SORPA bs*. Einn aðalmaður og einn til vara og tveir menn í fulltrúaráð.
13. *Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs*. Einn varamaður.. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn í stjórnina sem aðalmaður.
14. *Stjórn Strætó bs*. Einn aðalmaður og einn til vara.
15. *Fulltrúaráð SSH*. Fimm aðalmenn.
16. *Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins*. Tveir aðalmenn.
17. *Stjórn GN-eigna ehf*. Fimm aðalmenn og þrír til vara. Formannskjör.
18. *Forsetanefnd*. Skipuð forseta og varaforsetum bæjarstjórnar.

B. Til fjögurra ára:

1. *Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.
3. *Heilbrigðisnefnd*. Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar kýs tvo aðalmenn og jafnmarga til vara.
4. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
5. *Skólanefnd Flensborgarskóla*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 92/2008
6. *Skólanefnd Iðnskóla Hafnarfjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. Gr. laga nr. 92/2008.

C. Undirnefndir:

1. *Öldungaráð*. Til fjögurra ára. Þeir stjórnsmálaflokkar sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn Hafnarfjarðar tilnefna tvo fulltrúa hver og tvo til vara.
2. *Ungmennaráð*. Í ungmennaráði á 21 fulltrúi sæti. Tveir úr hverjum grunnskóla, þrír úr hverjum framhaldsskóla í Hafnarfirði og þrír fulltrúar valdir af fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar og mega þeir ekki vera nemendur í grunnskóla né framhaldsskóla í Hafnarfirði. Verði breyting á fjölda skóla í Hafnarfirði, fjölgar eða fækkar fulltrúum í ráðinu til samræmis við það.

40. gr.

Erindisbréf ráða, nefnda og stjórnna.

Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir ráð, nefndir og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

41. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda (ráða)
á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Ráðum þeim sem talin eru upp í 1.–5. tölul. A-liðar 39. gr., er heimilt að afgreiða mál á verksviði þeirra á grundvelli erindisbréfs skv. 40. gr. án staðfestingar bæjarstjórnar, ef:

1. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
2. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar.

42. gr.

Framsal bæjarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er bæjarstjórn heimilt að fela eftirtöldum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 41. gr.:

1. Skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa að afgreiða mál samkvæmt samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulags-erindum nr. 767/2005.
2. Bæjarlögmanni í umboði bæjarráðs samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 og gildandi lögreglusamþykkt:
 - a. Að veita umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitingar og sölu veitinga, hvort sem er í mat eða drykk, bæði áfengra og óáfengra, og/eða útleigu samkomusala í atvinnuskyni, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007;
 - b. Að veita umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2007.
3. Bæjarlögmanni í umboði bæjarráðs að aflýsa kvöðum í lóðarleigusamningum varðandi sölu og veðsetningu fasteigna.
4. Sviðsstjóra fjölskylduþjónustu að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu í samræmi við reglur um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarkaupstað, samþykktar af bæjarstjórn 9. febrúar 2011, nr. 180/2011.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu starfsmanna, en viðkomandi ráð hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

43. gr.

Heimild til að vísa málum til bæjarstjórnar.

Mál sem starfsmanni eða nefnd er heimilt að afgreiða skv. 41. eða 42. gr. getur komið til ákvörðunar bæjarstjórnar með tvennum hætti:

1. Starfsmanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 42. gr. til viðkomandi ráðs til ákvörðunar. Þá er ráði skylt að vísa afgreiðslu máls til bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur ráðsmanna óskar eftir því með bókun á ráðsfundi.
2. Bæjarstjórn getur að eigin frumkvæði afturkallað ákvörðun sem tekin hefur verið af starfsmanni eða nefnd á grundvelli 41. eða 42. gr., enda mæli lög ekki sérstaklega gegn því. Hafi ákvörðunin verið tilkynnt aðila verður það einungis gert ef ákvörðunin er ógildanleg eða það er ekki til tjóns fyrir aðila.

44. gr.

Endurupptaka mála.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til viðkomandi ráðs skv. 1.-5. tölul. A-liðar 39. gr. og verður slík beiðni að jafnaði að koma fram áður en þrjú mánuðir eru liðin frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu. Hafi málið upphaflega verið fullnaðarafgreitt af ráði á grundvelli heimildar 41. gr. skal þó bæjarráð ávallt taka endurupptökubeiðnina til meðferðar.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur viðkomandi ráð ákvörðun um málsmeðferð.

Bæjarráð.

45. gr.

Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

46. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri sveitarfélagsins, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

47. gr.

Boðun funda bæjarráðs.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann ráðsins.

Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

48. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

49. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í bæjarráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu vera aðalmenn í bæjarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga. Um áheyrnarfulltrúa gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra ráðsmenn.

50. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Bæjarráð hefur umsjón með starfsmannamálum, málum sem falla undir stjórnýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012, málefni sem falla undir stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. eða stjórnir annarra fyrirtækja sem Hafnarfjarðarkaupstaður á aðild að.

Bæjarráð fer með upplýsinga- og markaðsmál, menningar- og ferðamál og málefni miðbæjarins.

Bæjarráð annast gerð kjörskrár vegna kosninga í umboði bæjarstjórnar og fjallar um athugasemdir og ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram á kjördag.

Jafnframt gegnir bæjarráð hlutverki jafnréttisnefndar samkvæmt 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarstjórn getur falið einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg, sbr. 42. gr. samþykktar þessarar.

51. gr.

Nefndir sem heyra undir bæjarráð.

- a) Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.
- b) Menningar- og ferðamálanefnd.
- c) Stjórn Hafnarborgar.

Fjölskylduráð.

52. gr.

Kosning fjölskylduráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í fjölskylduráð til eins árs.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann fjölskylduráðs úr hópi kjörinna fjölskylduráðsmanna.

Kosning í fjölskylduráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

53. gr.

Fundartími fjölskylduráðs.

Fjölskylduráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

54. gr.

Boðun funda fjölskylduráðs.

Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu undirbýr ráðsfundi í samráði við formann.

Hann sér um að fjölskylduráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sviðsstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

55. gr.

Stjórnun fjölskylduráðs.

Formaður fjölskylduráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í fjölskylduráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

56. gr.

Áheyrnarfulltrúar í fjölskylduráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í fjölskylduráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Um áheyrnarfulltrúa gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra ráðsmenn.

57. gr.

Verkefni fjölskylduráðs.

Fjölskylduráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlög nr. 80/2002, barnalög nr. 76/2003, lög nr. 44/1998 um húsnæðismál, lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og fleiri lög sem varða málin sem heyra undir ráðið. Fjölskylduráð fer einnig með öldrunarmál og vinnumarkaðsúræði..

Fjölskylduráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið fjölskylduráði og einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg, sbr. 41. og 42. gr. samþykktar þessarar.

58. gr.

Nefndir sem heyra undir fjölskylduráð.

- a) Barnaverndarnefnd.
- b) Ráðgjafarráð í málefnum fatlaðs fólks.

Fræðsluráð.

59. gr.

Kosning fræðsluráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í fræðsluráð til eins árs.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann fræðsluráðs úr hópi kjörinna fræðsluráðsmanna.

Kosning í fræðsluráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

60. gr.

Fundartími fræðsluráðs.

Fræðsluráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

61. gr.

Boðun funda fræðsluráðs.

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu undirbýr ráðsfundi í samráði við formann.

Hann sér um að fræðsluráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sviðsstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

62. gr.

Stjórnun fræðsluráðs.

Formaður fræðsluráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðsluráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

63. gr.

Áheyrnarfulltrúar í fræðsluráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í fjölskylduráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Um áheyrnarfulltrúa skv. þessu ákvæði og skv. lögum um leik- og grunnskóla gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra ráðsmenn.

64. gr.

Verkefni fræðsluráðs.

Fræðsluráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 91/2008 um grunnskóla og lög nr. 90/2008 um leikskóla. Fræðsluráð fer ennfremur með málefni tónlistarskóla og fullorðinsfræðslu, æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamál, auk forvarna samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.

Fræðsluráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið fræðsluráði og einstökum starfsmönnum fullnaðar-afgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg, sbr. 41. og 42. gr. samþykktar þessarar.

Með vísan til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal beina kæru, vegna ákvarðana skv. 1. mgr. 47. gr. grunnskólalaga og 1. mgr. 30. gr. leikskólalaga, til fræðsluráðs áður en unnt er að kæra slíka ákvörðun til ráðherra.

65. gr.

Nefndir sem heyra undir fræðsluráð..

- a. Íþrótt- og tómstundaneftnd.

Skipulags- og byggingarráð.

66. gr.

Kosning skipulags- og byggingarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í skipulags- og byggingarráð til eins árs.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann skipulags- og byggingarráðs úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Kosning í skipulags- og byggingarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

67. gr.

Fundartími skipulags- og byggingarráðs.

Skipulags- og byggingarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

68. gr.

Boðun funda skipulags- og byggingarráðs.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu undirbýr ráðsfundi í samráði við formann.

Hann sér um að skipulags- og byggingarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sviðsstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

69. gr.

Stjórnun skipulags- og byggingarráðs.

Formaður skipulags- og byggingarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í skipulags- og byggingarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

70. gr.

Áheyrnarfulltrúar í skipulags- og byggingarráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í skipulags- og byggingarráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Um áheyrnarfulltrúa gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra ráðsmenn.

71. gr.

Verkefni skipulags- og byggingarráðs.

Skipulags- og byggingarráð fer með mál sem heyra undir skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010, lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og umferðarlög nr. 50/1987.

Skipulags- og byggingarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið skipulags- og byggingarráði og einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg, sbr. 41. og 42. gr. samþykktar þessarar.

Byggingarfulltrúi veitir byggingarleyfi í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Telji byggingarfulltrúi að óvissa ríki um hvort uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykktar, skal hann vísa málinu til umfjöllunar skipulags- og byggingarráðs áður en hann gefur út byggingarleyfi eftir því sem kveðið er á um í sérstakri samþykkt á grundvelli 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Umhverfis- og framkvæmdaráð.

72. gr.

Kosning umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í umhverfis- og framkvæmdaráð til eins árs.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann umhverfis- og framkvæmdaráðs úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Kosning í umhverfis- og framkvæmdaráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

73. gr.

Fundartími umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Umhverfis- og framkvæmdaráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

74. gr.

Boðun funda umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu undirbýr ráðsfundi í samráði við formann.

Hann sér um að umhverfis- og framkvæmdaráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sviðsstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

75. gr.

Stjórnun umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í umhverfis- og framkvæmdaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

76. gr.

Áheyrnarfulltrúar í umhverfis- og framkvæmdaráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í umhverfis- og framkvæmdaráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Um áheyrnarfulltrúa gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra ráðsmenn.

77. gr.

Verkefni umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Umhverfis- og framkvæmdaráð fer með mál sem falla undir umhverfis- og framkvæmdamál, svo sem mannvirkjagerð, eignarekstur, veitustarfsemi og umferðarmál, samkvæmt ákvæðum laga, málefni sem falla undir stjórn Sorpu bs. og stjórn Strætó bs. Ráðið annast þau verkefni sem gróðurverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefnd samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og staðardagskrá.

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið umhverfis- og framkvæmdaráði og einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg, sbr. 41. og 42. gr. samþykktar þessarar.

Hafnarráð.

78. gr.

Kosning hafnarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í hafnarráð til eins árs.

Bæjarstjórn kys formann og varaformann hafnarráðs úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Kosning í hafnarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

79. gr.

Fundartími hafnarráðs.

Hafnarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

80. gr.

Boðun funda hafnarráðs.

Sviðsstjóri hafnarþjónustu undirbýr ráðsfundi í samráði við formann.

Hann sér um að hafnarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sviðsstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

81. gr.

Stjórnun hafnarráðs.

Formaður hafnarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í hafnarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

82. gr.

Áheyrnarfulltrúar í hafnarráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í hafnarrád, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Um áheyrnarfulltrúa skv. þessu ákvæði gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra ráðsmenn.

83. gr.

Verkefni hafnarráðs.

Hafnarrád er stjórn Hafnarfjarðarhafnar og starfar skv. hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn.

VI. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

78. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

79 gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra ráða og nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra ráða og nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir sviðsstjóri stjórnýslu störfum hans nema þau séu falin öðrum. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengri tíma en þrjá mánuði í senn.

80 gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem sviðsstjóra og framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs, og veitir þeim lausn frá starfi.

81 . gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Sviðsstjóri ræður starfsmenn sem heyra beint undir hann í skipuriti. Aðrir stjórnendur ráða starfsmenn sem heyra beint undir þá í skipuriti.

Um kaup og kjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni, ráðningarsamninga, samþykktra reglna og jafnréttisstefnu bæjarins.

82. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

83. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni, ákvæðum ráðningarsamninga og öðrum skráðum reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar.

84 gr.

Auglýsingaskylda.

Skylt er að auglýsa þær stöður sem lausar eru til umsóknar nema þegar um tilfærslu í starfi er að ræða eða tímabundna afleysingu. Þess skal gætt að hafa jafnrétti kynjanna í huga við gerð auglýsinga.

VII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

85 . gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Bæjarráði er heimilt að taka fullnaðarákvarðanir í þeim málefnum sem tilgreind eru í 5. og 6. tölul. enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

86 . gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna

og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

87. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 84. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

88. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

89. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt

að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Hafnarfjarðarkaupstaðar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

90 gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

91 gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrir-mælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

VIII. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

92 gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði bæjarstjórnar eða íbúa.

Bæjarstjórn ber að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álitur vera mjög þýðingarmikil fyrir sveitarfélagið með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu.

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórna og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og gildandi málsmeðferðarreglum Hafnarfjarðarkaupstaðar um almennar atkvæðagreiðslur og skoðanakannanir.

93. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp nr. 772/2013.